

Vestmannaeyjabær
Dagný Hauksdóttir
Ráðhúsinu – Bárustíg 15
900 Vestmannaeyjum



Hafnarfirði, 28. 5. 2026
MFRI: 2026-04-0265

Efni: Almannavarnalögn til Vestmannaeyja - Tillaga að breyttu Aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035. Auglýsing tillögu.

Með tölvupósti dags. 17. apríl 2026 óskaði Vestmannaeyjabær eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Vestmannaeyja vegna lagningar almannavarnarlagnar til Vestmannaeyja, mál nr. 1686/2025 í Skipulagsgátt.

Í skipulagstillögunni kemur fram að leggja eigi nýja vatnsleiðslu, NSL4, til hliðar við núverandi leiðslu, NSL3, um 12,5 km leið milli lands og eyja. Markmið framkvæmdanna er að tryggja afhendingu vatns í Vestmannaeyjum, en vatnsflutningur hefur verið ótryggur til Vestmannaeyja eftir skemmdir sem urðu á vatnsleiðslu árið 2023.

Hafrannsóknastofnun hefur yfirfarið gögn málsins og gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við skipulagsbreytinguna eða fyrirhugaðar framkvæmdir við lagningu lagnar NSL4. Stofnunin bendir þó á að samkvæmt lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011 er sveitarfélögum skylt að láta vinna áhrifamat fyrir vatnshlot ef framkvæmdir eða starfsemi kunna að hafa áhrif á vatn. Áhrifamat þarf að vinna áður en leyfi er veitt til viðkomandi starfsemi eða framkvæmda. Umhverfis- og orkustofnun hefur gefið út leiðbeiningar um gerð áhrifamats og má nálgast þær á vefsíðu stofnunarinnar.

Fyrir hönd Hafrannsóknastofnunar,

Hrönn G. Guðmundsdóttir